

Sp. 14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, er gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.

G r e i n a r g e r ð.

Í marzmánuði 1958 flutti Sveinn Guðmundsson forstjóri, sem þá átti sæti á Alþingi sem varaþingmaður, svo hljóðandi tillögu í sameinuðu þingi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, sem nú gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.“

Tillögu Sveins var að lokinni umræðu vísað til allsherjarnefndar sameinaðs þings, og gerði hún nokkrar breytingar á orðalagi tillögunnar, en ekki efni, og var hún þannig breytt afgreidd samhljóða sem ályktun Alþingis 3. júní 1958.

Þótt liðin séu nú meira en sex ár, síðan þessi tillaga var samþykkt á Alþingi, hefur enn ekki verið gert neitt raunhæft til þess að framfylgja henni. Á þessum tíma hefur það hins vegar gerzt, að núverandi ríkisstjórn hefur tvívegis stórlækkað gengi íslenzkrar krónu og það aukið mjög rekstrarfjárbörf iðnaðarins. Því er enn meiri þörf fyrir það nú en fyrir sex árum, að ráðstafanir séu gerðar til, að iðnaðurinn njóti jafnræðis við aðra atvinnuvegi að því er snertir endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum.

Iðnaðurinn er nú óumdeilanlega einn af þremur aðalatvinnuvegum landsmanna við hlið sjávarútvegs og landbúnaðar. Þetta er nú almennt viðurkennt í orði, en enn skortir mikið á, að það sé gert í verki. Úr því misrétti verður að bæta og tryggja iðnaðinum fullkomlega jafnræði við aðra aðalatvinnuvegi landsins.

Í samræmi við þetta sjónarmið höfum við talið rétt að leggja fyrir Alþingi áður nefnda tillögu, eins og hún var upphaflega orðuð, og væntum þess, að hún njóti ekki minni stuðnings á Alþingi en fyrir sex árum. Reynslan hefur sýnt, að ekki mun af veita, að Alþingi endurnýi viljayfirlýsingu sína í þessum efnunum.